

LISTIR



Morgunblaðið/Kristinn
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri tekur við lyklu að Hafnarhúsinu úr höndum Guðrúnar Jónsdóttur, formanns byggingarnefndar hússins.

Morgunblaðið/Kristinn

Dyr Hafnarhússins voru opnaðar upp á gátt í gær.

Listasafn Reykjavíkur opnað í Hafnarhúsinu

Pakkhús breytist í listhús

Nýtt húsnæði Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu var formlega opnað í gær að viðstöddu fjölmenni og þar voru jafnframt opnaðar tvær sýningar sem báðar hafa verið valdar á dagskrá Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000.

UM LEIÐ og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri færði Eiríki Þorlákssyni, forstöðumanni Listasafns Reykjavíkur, veglega lykklappu og þar með lykklavöld í Hafnarhúsinu. Kvaðst hún vona að húsið hefði svo margar vistarverur að þar fengju allir straumar og stefnur þrífist. Plássið ætti að vera nóg, en safnið er á þremur hæðum og gólfllöturinn alls um 3.365 fermetrar, auk 306 fermetra lagnakjallara og 349 fermetra húsnæðis sem Íslensk grafík hefur til umráða á fyrstu hæð.

Hafnarhúsið var byggt í áföngum á árunum 1933-1939 sem vörugeymslu- og skrifstofuhús hafnarinnar en aðalhönnuðir þess voru þeir Sigurður Guðmundsson arkitekt og Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri. Arkitektar breytinganna sem nú hafa litið dagsins ljós eru þau Margrét Harðardóttir og Steve Christer, Studio Granda. Áætlaður kostnaður við hönnun, hús og búnað var 665 milljónir króna miðað við vörðlag í nóvember 1999.

Bryggja gegnum húsið

Hið nýja listasafn er á 1., 2. og 3. hæð í miðhluta hússins þar sem áður voru vörugeymslur. Gerður hefur verið gangur, eða einskonar bryggja, gegnum húsið, sem tengir saman sýningarsali í álmunum beggja vegna portsins. Á hliðum hins nýja gangs eru stórar og miklar hurðir sem opnaðar annars vegar inn í nýjan fjölnotal og hins vegar út í portíð.


Guðrún Jónsdóttir, formaður byggingarnefndar Hafnarhússins og menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, sagði portíð í miðju hússins eiga sér fáar hliðstæður í íslenskri byggingarsögu. Hún sagði Hafnarhúsið ennfremur eitt af merkustu dæmum sem varðveitt væri um íslenskan iðnaðararkitektúr í anda funksjónalísma krepptaranna.

Listamaðurinn verður bókhaldaranum yfirsterkari

Borgarstjóri sagði í opnunarávarpi sínu að í menningarlegum efnum, sem og öðrum, væri sjaldan ein báran stök og það væri eins og langþráðir landvinningar í menningarmálum hefðu gjarnan í för með sér fleiri slíka. „Fyrir 50 árum, þegar þjóðleg og menningarleg vakning varð meðal þjóðarinnar, eignuðust Íslendingar Ríkisútvarp, Þjóðleikhús og Símfóníuhljómsveit, svo nokkuð sé nefnt. Nú á sér líka stað viss vakning meðal þjóðarinnar sem að þessu sinni er fremur af alþjóðlegum toga en tengist líka vitund um mikilvægi öflugrar menningar fyrir þjóðir og samfélög sem ætla sér stöðu og hlutverk í þeirri alþjóðavæðingu sem nú gengur yfir. Fátt skiptir meira máli fyrir sjálfsmynd og baráttubrek fólks og þjóða en þekking á fortíðinni, og þar með sameiginleg vitund um sögu og rætur þess fólks sem í landinu býr, og svo öflugt menningarstarf sem býr að fortíðinni, lætur að sér kveða í samfélaginu og ætla sér hlutverk í framtíðinni. Fátt er líklegt til að efla þrek, trú og hjartsýni manna þannig að þeir setji markið hærra en þeir hefðu ella gert. Í þannig samfélagi verður listamaðurinn bókhaldaranum yfirsterkari og sköpunarkrafturinn fær auknið svigrúm,“ sagði Ingibjörg Sólrún.

Sögulegir tímar fyrir menningarlífið í landinu

Rétt eins og það voru sögulegir tímar fyrir 50 árum, kvaðst borgarstjóri halda að nú væru einnig sögulegir tímar fyrir menningarlífið í



Morgunblaðið/Kristinn
Verk Hreins Friðfinnssonar, Tjörn, frá árinu 1991.

landinu. „Sjaldan, ef nokkurn tíma, hefur jafnmikil áhersla verið lögð á að renna styrkari stöðum undir hvers kyns menningarstarfsemi. Reykjavíkurborg og ríki standa nú þegar fyrir umfangsmiklum framkvæmdum í menningarmálum – nægir að nefna Listasafn Reykjavíkur sem við opnum hér í dag í Hafnarhúsi, aðalstöðvar Borgarbókasafns við Tryggvagötu, endurbýggingu Þjóðminjasafns og Safnahúss við Hverfisgötu og viðbyggingu við Borgarleikhús sem nú er unnið að. Öll þessi verkefni tengjast því beint eða óbeint að Reykjavík er menningarborg Evrópu á þessu ári og mjög gott samstarf hefur tekist milli borgar og ríkis um það verkefni,“ sagði borgarstjóri.

Eiríkur Þorláksson rifjaði upp þann stóra áfanga í listalífi Reykjavíkur þegar Kjarvalsstaðir voru opnaðir árið 1973 og þá miklu gerjum sem síðan hefur átt sér stað í allri myndlist á Íslandi. Um síðir hefðu Kjarvalsstaðir verið orðnir of litlir til að sýna með verðugum hætti listaverkaeign borgarinnar. Nú væri að verða bragarbot á, með tilkomu Hafnarhússins. Eiríkur sagði vona að sýningar í Hafnarhúsinu ættu eftir að auðga líf sem flestra og kvaðst stoltur af að geta nú loks sagt: „Verið vel-

komin í Listasafn Íslands í Hafnarhúsinu.“

Hið ytra og innra

Áður en fyrstu tvær sýningarnar í hinu nýja húsnæði voru formlega opnaðar léku félagar úr Caput-hópnum verk eftir Porkel Sigurbjörnsson frá árinu 1998. Verkið nefnist Halar og er skrifað fyrir Caput og segulband.

Sýningin „Myndir á sýningu“ er á tveimur hæðum í þremur söllum. Efri salirnir eru hvítmálaðir og fagaðir en hinn neðri er öllu hrárrí – og grárrí. Í sýningarskrá er því þannig lýst að verkin í neðri salnum skírskoti til raunveruleikans – hins ytri heims, en í efri söllum tveimur til hugarheima, hins innra lífs, minninga, drauma og ímyndana. Sýningin stendur út menningarborgarárið 2000.

Hin sýningin ber yfirskriftina „Á eigin ábyrgð“ og er innsetning franska listamannsins Fabrice Hyberts, en hann hlaut gulljónið á Fenevjatvíringnum árið 1997. Viðfangsefni innsetningar Hyberts er hvernig Íslendingar tilbiðja tré og er efniviðurinn tré og plöntur af ýmsum stærðum og gerðum og myndbönd. Sýningin stendur til 14. maí nk.

„ber“ til Litháen

DANSLEIKHÚSI með Ekka hefur verið boðið á alþjóðlegu nútíma-danshátíðina New Baltic Dance 2000 í Vilnius, Litháen, nú um páskana.

Það var dansleikhúsverkið „ber“ sem vakti áhuga forsvarsmanna hátíðarinnar og mun það verða sýnt á laugardaginn kemur í Vilnius.

Kolbrún Anna Björnsdóttir leikari segir boð þetta mikinn heiður fyrir Dansleikhúsið en um stóra hátíð er að ræða. Koma gestir víða að úr Evrópu, meðal annars frá Norðurlöndunum, Rússlandi, Frakklandi og Belgíu, auk Eystrasaltslandanna. Íslenska dansflokknum hefur í tvígang verið boðið á hátíðina.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Dansleikhús með Ekka sýnir á erlendri grund og segir Kolbrún mik-

inn hug í fólki. Gaman verði að sýna fyrir nýja áhorfendur, auk þess sem ómetanlegt sé að fá tækifæri til að kynna sér hvað dans/leikhópar frá öðrum löndum séu að fást við.

Hún segir ómögulegt að meta á þessari stundu hvaða þýðingu þetta komi til með að hafa fyrir Dansleikhúsið – hvort einhverjar dyr komi til með að opnast í kjölfarið. „Það verður bara að koma í ljós. Við rennum alveg blint í sjóinn.“

Það er skammt stórra högga á milli hjá Dansleikhúsinu því það mun sýna á menningardegri Íslandinga á EXPO 2000 heimssýningunni í Hannover, Þýskalandi, í ágúst, í boði menntamálaráðuneytisins. Segir Kolbrún þá ferð jafnframt leggjast vel í hópinn. Þá frumsýnir Dansleikhúsið nýtt

verk, Tilvist, á leiklistarhátíðinni Á mörkunum í haust.

Dans, leiklist og tónlist hafa jafnt vægi í sýningum Dansleikhúss með Ekka og er „ber“ fimmta sýning Dansleikhússins en verkið var frumsýnt í Tjarnarbiói í október sl.

Ellefu manna hópur mun fara til Litháen, en það eru: Aino Freyja Järvelä (leikari), Erna Ómarsdóttir (dansari), Friðrik Friðriksson (leikari), Guðmundur Elías Knudsen (dansari), Hrefna Hallgrímsdóttir (leikari), Karen María Jónsdóttir (dansari), Kolbrún Anna Björnsdóttir (leikari), Richard Kolnby (leikari), Frank P. (tónlistarmaður), Sigurður Kaiser (ljóshönnuður) og Guðrún Ösp Pétursdóttir (framkvæmdastjóri). Listrænn stjórnandi sýningarinnar er Árni Pétur Guðjónsson.